

Kenneth More leikari látinn

London, 13. júlí, AP.

BRESKI leikarinn Kenneth More, hin yfirvegaða og laglega mynd margra stríðs- og ævintýramynda, lést aðfaranótt þriðjudags að heimili sínu í London, samkvæmt tilkynningu umboðsmanns hans í dag.

Hinn 67 ára gamli leikari lést úr Parkinsons-veiki, sem batt enda á leikferil hans fyrir nokkrum árum.

Síðasta stóra hlutverkið hans var 1980 þegar amerísk sjónvarpsstöð gerði mynd eftir sögu Dickens „A Tale of Two Cities“, en hann lék einnig í fjölda annarra sjónvarpsleikrita svo sem „Forsythe-ættinni“ þar sem hann hafði með höndum hlutverk Young Jolyan á árunum 1966 til 1967.

Kenneth More skrifaði einnig þrjár bækur, þar á meðal æviminningar sýnar sem birtust 1978 undir nafninu „More or Less“, en einnig skrifaði hann greinar úr lífi sínu eftir að hann veiktist fyrir blaðið Daily Mail sem vöktu mikla athygli. Þar segir hann á einum stað: „Ég verð að viðurkenna að mér líður djöfullega og að vissu leyti gengur mér mjög illa að skilgreina það. Til allrar hamingju hef ég minar minningar og ég kappkosta að muna það góða fremur en hið illa.“

Elisabet II drottning sæmdi hann orðu breska heimsveldisins árið 1970.



Þessi mynd sem var tekin árið 1980 sýnir Kenneth More ásamt konu sinni, leikkonunni Angela Douglas.

Algjörri stöðvun slegið á frest

London, 13. júlí, AP.

STJÓRN bresku jarnbrautanna frestaði í dag að stöðva alla starfsemi sína þegar fulltrúar ríkisstjórnarinnar hófu afskipti af jarnbrautaverfallinu í dag. Síðan 24 þúsund starfsmenn lögðu niður vinnu 4. júlí sl. hefur sumum leiðum verið haldið opnum, þannig að jarnbrautirnar hafa getað flutt um 10% af þeim farþegum sem ferðast venjulega með lestunum.

Thatcher forsætisráðherra og leiðtoga stjórnarandstöðunnar, Michael Foot, lenti saman í Neðri málstofunni vegna verkfallsins í dag. Michael Foot hefur tekið málstað verkfallsmanna, en þingheimur fagnaði ræðu Thatchers sem vitnaði í leiðtoga eins stéttarfélags jarnbrautamanna sem ekki

er í verkfalli, en sá hefur sagt að verkfallið lýsi þröngsýni og heimsku og geri ekki annað en skaða jarnbrautirnar.

Mannleg mistök ollu jarnbrautarslysi

Aalter, Belgíu, 13. júlí, AP.

A.M.K. fimm manns fórust og tíu eru særðir eftir jarnbrautarslysi, sem varð í bænum Aalter í Belgíu í dag er hraðlest og venjuleg farþegalest rákust saman af miklum krafti.

Erfitt var um vik að leysa af hendi björgunarsköf, þar sem björgunarsveitir voru illa búnar og mörgum klukkustundum eftir slysið var enn verið að reyna að ná fólki, þar á meðal lestarstjóranum, úr flaki hraðlestarinnar. Hraðlestin var á 120 km hraða á klst. þegar hún lenti á síðasta vagni farþegalestarinnar og klauf hann þannig að úr varð eitt allsherjar flak.

Talið er að mannleg mistök hafi valdið slysinu, að því er umferðarmálaráðherra Belgíu tjáði fréttamönnum. Öll viðvörðunarljós voru virk þegar hraðlestin kom brunandi í átt að farþegalestinni, sem átti aðeins örfáa metra ofarna að brautarpalli, en af einhverjum ástæðum sinni lestarstjóri hraðlestarinnar merkjunum ekki.

Umferðarmálaráðherra sagði að það hefði verið lán í óláni að vegna sumarleyfa hefðu báðar lestararnar verið nær tómar. Á öðrum árstímum hefðu þær verið fullar af skólábörnum, stúdendum og fólki á leið til vinnu sinnar.



Páfi heilsar hópi dansara frá Sri Lanka á Péturstorginu sl. miðvikudag.

Júgóslavía:


Páfi sakaður um valdagræðgi

Belgrad, 13. júlí, AP.

Í VIÐTALI Í JÚGÓSLAVNESKA vikuritinu Danas, sem út kom í dag, sakar háttsettur félagsmaður Kommúnistaflokksins Jóhannes Pál páfa II um hræsmi og segir páfa sækjast í æ auknum mæli eftir veraldlegum völdum innan alþjóðastjórnmalá.

Jan Blazevic er einn fyrrverandi leiðtoga Kommúnistaflokks Króatíu, en á nú sæti í miðnefnd Kommúnistaflokks Júgóslavíu. Hann segir í viðtalinu: „Frá minum sjónarhóli er þessi stefna páfans afar hættuleg. Hún er tilraun páfa til þess að verða sterkasti aðilinn í alþjóðlegum stjórnmalum í heiminum og miðar að því að gera kirkju og trúarbrögð að pólitískum öflum.“

Þessi yfirlýsing Blazevics undirstríkar hve grunnt hefur verið á



Michael Fagan yfirgefur hér réttarsalinn þar sem hann hlaut kærufyrir innbrot í Buckingham-höll aðfaranótt föstudags síðastliðins. Móðir hans hefur nú í hyggju að skrifa afsökunarbeiðni til Elísabetar II drottningar vegna framferðis sonarins, en hún segist ekki geta gert betur úr því sem komið er.

„Gesturinn“ í Buckingham-höll:

Ástfanginn af drottningunni

London, 13. júlí, AP.

MADURINN sem vakti Elísabetu II drottningu í rúmi hennar aðfaranótt föstudags, hafði milli handa sér blóðugan, brotinn, öskubakka og hafði áður farið í a.m.k. 12 næturheimsóknir í Buckinghamhöll til að sjá „kærustu sína, Elísabetu drottningu“, samkvæmt upplýsingum frá breskum fjölmiðlum í dag.

Daily Express segir manninn hafa lifað í draumóróm um bresku drottninguna og faðir hans telur að hann hafi komist inn í höllina a.m.k. þrisvar sinnum frá byrjun maímánaðar.

Lögreglan segir að maðurinn, Michael Fagan, 31 árs gamall iðjuleysingi, hafi komist óséður framhjá 43 hermönnum, 24 lögreglumönnum, 350 starfsmönnum hallarinnar, varðhundum, öryggismyndavélum, hlustunartækjum og öðrum öryggisbúnaði.

Síðdegisblaðið The Standard segir, að Fagan hafi nýlega verið látinn laus gegn tryggingu vegna árárs á 15 ára gamlan stjúpson sinn. Faðir hans heldur því hins vegar fram að hann sé mikill



Drottningin lætur sem ekkert hafi í skorist og heldur áfram sínum skyldustörfum ótraud þrátt fyrir næturheimsóknina.

„konungssinni“ sem „ekki gæti gert flugu mein“.

Daily Express segir Fagan hafa komist inn í höllina með því að klifra upp rennu í bakgarði hallarinnar og inn um glugga á gangi sem liggur að einkaíbúðum drottningarinnar og fjölskyldu hennar. Þetta er á annarri hæð hallarinnar, en þar hafa þau Elísabet II og Pílip prins aðsetur.

Scotland Yard verst allra fregna af atburðinum og hefur ekki staðfest þessar fréttir úr bresku blóðunum, en þau segja einnig að fjölda lögreglumanna hafi verið vikið úr störfum vegna atburðarins.

Skandinavía nú á dögum í Bandaríkjunum:

Búið er við 30 milljón gestum á sýningarnar

Undirbúningsaðilar hinnar norrænu sýningar, Skandinavía nú á dögum, eða Scandinavia today, eins og sýningin er kölluð á ensku, búast við að ná til 30 milljóna Bandaríkjamanna frá upphafi sýninganna, sem er í septemberbyrjun og til loka hennar. Þessar upplýsingar komu fram á blaðamannafundi, sem haldinn var í gær á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.

Á fundinum kom fram, að opnun sýningarinnar verður erilsamur tími fyrir forseta Íslands, Vigdís Finnbogadóttur, því að hún opnar

sýninguna fyrir hönd allra Norðurlandanna. Sýningin í Washington verður opnuð 8. og 9. september, sýningin í Minneapolis verður opnuð 10. og 11. september, í New York 13. og 14. september og í Seattle 20. september. Mörg þeirra atriða, sem flutt verða á sýningunum, munu síðan fara um Bandaríkinn, t.d. til Chicago, Los Angeles, Philadelphia, Portland og Boston.

Norðurlöndin hafa aldrei fyrr sameinast um sýningar sem þessar. Sýndur verður ballett, óperur, málalist, leiklist, vefnaðarlist, kvikmyndir og ljósmyndir. Einnig verða haldnir hljómléikar. Auk sameiginlegrar dagskrár munu hin einstöku Norðurlönd hafa sérstakar sýningar.

Fulltrúar Íslands í undirbúningsnefnd sýninganna er Ásgerður Búa-dóttir vefari og Sigurður Guðmundsson.

Norðurlöndin munu senda ráðherra til að vera við opnunina, en að auki verða Margrét Danadrottning og Henrik prins við opnunina, Haraldur, krónprins Noregs, og Sonja prinsessa, kona hans, og frá Svíþjóð koma Bertil prins og Lilian prinsessa.

Norræna ráðherranefndin hefur lagt sýningunni til 6 milljónir danskra króna. American-Scandinavian Foundation hefur staðið að undirbúningi sýninganna, en SAS, Finnair og Icelandair, þ.e. Flugleiðir, hafa styrkt sýninguna. Þá hafa Volvo og Atlantic Richfield í Bandaríkjunum verið aðalstuðningsaðilar í sambandi við undirbúning í Bandaríkjunum.

dyranna eins og hann var klæddur. Hann var fasískur páfi, en þessi er ólíkur Píusi. Hver bað hann um að fara til Argentínu? Hver bað hann að fara til Bretlands? Hver rekur hann til þess að skipta sér af lausn deilna sem spretta út af ágangi Ísraelsmanna? Hverju sætir þetta allt?“

Á aðalþingi Kommúnistaflokksins í síðasta mánuði ollu yfirlýsingar Blazevics í svipuðum dúr nokkrum deilum, en því var haldið fram, að hann væri einungis að lýsa persónulegum skoðunum sínum, og í stefnuskrá flokksins er ákvæði um að félagsmönnum sé frjálst að láta í ljós, og verja, persónulegar skoðanir sínar.